

Samherji fiskeldi ehf.  
Heiðdís Smáradóttir / Hjalti Bogason  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

Reykjavík, 17.7.2023  
UST202301-258/gf  
08.12.02

### **Varðar reglubundið eftirlit í Samherja fiskeldi ehf. að Stað í Grindavík þann 13. júní 2023.**

Þann 13. júní sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Samherja fiskeldi ehf. að Stað í Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram, sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Eitt frávik frá kröfum í reglugerð kom fram í eftirliti. Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, 2. tl. 9. gr. um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Vegna ákvæða í 7. tl. sömu greinar reglugerðarinnar þá er heimilt, ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði í 2. tl., að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur samþykkt að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að frárennsli fiskeldisins um útrás sem nær út fyrir brimvarnargarð geti verið fullnægjandi lausn á þessum stað. Enn á eftir að framlengja seiðaeldislögn út fyrir brimvarnargarðinn.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. ágúst 2023.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Heiðbjört Arney Hökuldsdóttir  
sérfræðingur